

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 22. apríl 1994 staðfest sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndin og bæjarstjórnin skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarnesshefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997 frá 30. mars 1978 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í að óbyggt svæði norðan þjóðvegur nr. 1 við Brúartorg og vestan vantanlegs Vesturlandsvegur verður svæði fyrir verslun og iðnað.

Bæjarstjórn Borgarness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.